



PMTO stendur fyrir *Parent Management Training - Oregon*, aðferð sem er fyrir foreldra og aðra sem koma að uppeldi.

PMTO er gagnreynt meðferðarúrræði byggt á víðtækum rannsóknum sem sýna að það dregur úr hegðunarerfiðleikum barna og unglinga. Úrræðið er þróað af Gerald Patterson, Marion Forgatch og samstarfsfélögum hjá rannsóknarstofnuninni Oregon Social Learning Center (OSLC) í Bandaríkjunum og hefur aðferðin verið aðlöguð íslenskum aðstæðum í meðferðar- og forvarnaskyni.

Víða um heim hefur verið sýnt fram á góðan árangur PMTO úrræðisins hvað varðar aðlögun barna sem og foreldrafærni og líðan foreldra. Þetta á við um opinbera þjónustu við foreldra og börn bæði á Íslandi og í Noregi. Megin niðurstöður íslenskrar samanburðar-rannsóknar sýndu að PMTO meðferð dró frekar úr aðlögunarvanda barna en sú þjónusta sem þessum hópi er almennt veitt í sveitarfélögum hérlendis. Börn um með hegðunarerfiðleika er hættara við að þróa með sér annars konar erfiðleika svo sem námserfiðleika, kvíða og þunglyndi.

Mikilvægt er að vinna með vandann á fyrstu stigum þar sem alvarlegri hegðunarerfiðleikar geta leitt til frekari aðlögunarvanda á heimili, í skóla og í samskiptum við félagi.

**Miðstöð PMTO-FORELDRAFÆRNI** er þjónustueining sem stýrir innleið-



ingu PMTO hér á landi en þetta meðferðarúrræði hefur verið til staðar á Íslandi frá árinu 2000. Fræðsluvið Hafnarfjarðar stýrði innleiðingunni til ársins 2013 en frá þeim tíma hefur starfsemin heyrt undir Barnaverndarstofu. Miðstöðin sinnir stuðningi við fagfólk þeirra svæða landsins sem innleiða aðferðina og hefur yfirumsjón með öllum verkþáttum

hennar sem felast m.a. í fjölbreyttri þjónustu fyrir foreldra og fagfólk. Miðstöðin sér um útbreiðslu aðferðarinnar hér á landi og hefur eftirlit með gæðum hennar. Sýnt hefur verið fram á að með markvissri innleiðingu PMTO í sveitarfélagi fækkar tilvísunum í sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla á sama tíma og það virðist aukning hjá öðrum sveitarfélögum sem ekki hafa innleitt aðferðina.

**Úrræðið** byggir á kenningarlegu líkani

Geralds Patterson, sem gengur út frá því að uppeldisaðferðir foreldra hafi mest áhrif á hegðun barns ásamt því hvernig það aðlagast umhverfi sínu.

Uppeldisaðferðir sem leiða til stigvaxandi samskiptaerfiðleika, valdbeitingar og neikvæðra styrkinga í ríkum mæli ýta undir óæskilega hegðun barns og auka líkur á hegðunarerfiðleikum þannig að myndast getur vítahringur í samskiptum foreldra og barns.

Markmið PMTO er að aðstoða foreldra við að rjúfa þennan vítahring með því að kenna þeim styðjandi uppeldisaðferðir sem leiða til betri aðlögunar og bættrar hegðunar.





### Fjölskyldu- og Skóladeild Akureyrarbæjar

PMTO þjónusta er í boði fyrir fjölskyldur og fagfólk á Akureyri. **Einstaklingsmeðferð fyrir foreldra** er veitt með reglubundnum hætti á skrifstofu meðferðaraðila. Meðferðaraðili kemur á heimili ef um sérstakar aðstæður er að ræða og ef óskað er eftir því sérstaklega. **Foreldranámskeið** og **hópmeðferð** fyrir foreldra eru haldin með reglubundnum hætti að hausti og vori ár hvert. **Fræðsla fyrir starfsfólk skóla**. Starfsfólki skóla stendur til boða grunnfræðsla í aðferðum PMTO og er hægt að sækja um hjá PMTO verkefnastjóra á skóladeild Akureyrar í síma 460 1455.



#### UMSÓKNIR

Sótt er um PMTO þjónustu á sérstökum eyðublöðum: *Tilvísun til sérfræðisþjónustu leik- og grunnskóla* og er umsóknum skilað á Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar. Umsóknarblöðin má fá í öllum leik- og grunnskólum bæjarins, á Fjölskyldudeild og á Skóladeild Akureyrarbæjar. Frekari upplýsingar má fá í síma 460 1455, hjá verkefnastjóra PMTO.





Unnið er með ákveðna grunnþætti í því skyni að stuðla að jákvæðri hegðun barns og draga úr hegðunarvanda. Þessir þættir eru: kerfisbundin *hvatning* til að kenna nýja hegðun og beina athygli að því sem vel gengur; að setja *mörk* til að draga úr og stöðva óæskilega hegðun; markvisst *eftirlit* þar sem foreldrum er kennt að hafa eftirlit með því hvar barnið er og aðhefst á hverjum tíma; *lausnaleit* þar sem foreldrar eru þjálfaðir í aðferðum til að leysa ágreining; jákvæð *samvera* og afskipti sem felst í ýmsum leiðum foreldra til að sýna börnum sínum ást og umhyggju. Jafnframt er lögð áhersla á *skýr fyrirmæli*, vinnu með *tilfinningar*, samvinnu heimilis og *skóla* og *samskiptatækni*.

### MEÐFERÐ FYRIR FORELDRA

Um er að ræða einstaklings- eða hópmeðferð. Sérstaklega þjálfaðir meðferðaraðilar sem oftast hafa menntun á sviði sálfræði eða félagsráðgjafar sinna meðferðinni.

### EINSTAKLINGSMIÐUÐ NÁLGUN

Ef hegðunarerfiðleikar barns eru miklir þá er líklegt að einstaklingsmeðferð henti en þar er unnið með foreldrum barns á einstaklingsgrunni. Slík meðferð fer fram á stofnun á sviði heilbrigðis, skóla- eða félagsþjónustu eða inni á heimili, klukkutími í senn í um 20 vikur.

Alltaf er gætt jafnvægis milli þess að fylgja ákveðinni áætlun í að kynna og æfa grunnþætti og því að bregðast við aðstæðum fjölskyldunnar.

### MEÐFERÐ Í HÓPI

Þessi nálgun hentar foreldrum barna með hegðunarerfiðleika. Framkvæmdin er mismunandi eftir eðli hóps en dæmi um foreldrahóp getur verið foreldrar grunnskólabarna, sem sýna erfiða hegðun. Í hópnum eru um 12 foreldrar og að meðaltali er um að ræða tuttugu klukkustundir. Hópurinn hittist vikulega, unnin eru heimaverkefni og stuðningur veittur símlíðis milli funda.

**Foreldranámskeið** eru einfaldasta útfærslan þar sem unnið er með foreldrahópi. Slík þjónusta hentar foreldrum yngri barna sem eru í tiltölulega litlum vanda.





### FAGMENNTUN

Menntun PMTO meðferðaraðila er ítarleg þar sem sýnt hefur verið fram á að fylgni við aðferð og færni hefur áhrif á árangur meðferðar. Menntunin tekur um 18 mánuði og felst meðal annars í vinnustofum þar sem aðferðin er kennd, auk þess sem klínískir leiðbeinendur skoða myndbönd af meðferðarviðtölum og veita leiðsögn. Á meðan á þjálfun stendur þurfa meðferðaraðilar að vinna með minnst fimm fjölskyldum og ná þannig ákveðinni leikni í að beita aðferðinni og nálgast foreldra með viðeigandi hætti. Miðstöðin stendur að menntun meðferðaraðila til að sinna kennslu og handleiðslu fyrir fagfólk á svæðum víða um land. Sums staðar eru kennd grunnnámskeið í aðferðinni en slík námskeið eru ætluð þeim sem sinna ráðgjöf, til dæmis leik- og grunnskólaráðgjöfum, námsráðgjöfum og sérkennurum.

Um er að ræða einnar annar nám sem samanstendur af sex námskeiðsdögum, þar sem verkefni eru unnin milli námskeiðsdaga og skilað í lokin.



Í einstaka tilvikum eru námskeið sem þessi kennd á vegum Miðstöðvar.

### AÐRIR ÞÆTTIR

Miðstöðin stendur að framkvæmd *SMT-skólafærni*, sem er aðferð ætluð til innleiðingar í skólasamfélagið í heild og er grundvölluð á sömu hugmyndafræði og PMTO. Þar er lögð áhersla á að mæta ólíkum hópum nemenda með samræmdum viðbrögðum starfsfólks og stuðla þannig að jákvæðu andrúmslofti í skólasamfélaginu. Miðstöðin *gefur út námsefni*, sinnir og hvetur til *rannsóknna og greinaskrifa* og heldur úti heimasíðunni **www.pmtto.is**. Þar má finna frekari upplýsingar um alla þætti starfsins.

